**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára**
**sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

**Tímabil áætlunar: 2022–2024**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Ríkisaðili** | **Rannís, Rannsóknamiðstöð Íslands** | **Ráðuneyti** | **(Mennta- og menningarmálaráðuneyti)**<br><br>**Háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneyti** |
| **Ábyrgðaraðili** | *Hallgrímur Jónasson, forstöðumaður* | | |

| | |
|---|---|
| **A** | **Kjarnastarfsemi** |
| | **Hlutverk:**<br>- Rannís treystir stoðir íslensks samfélags með stuðningi við rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu.<br>- Rannís styður þekkingarsamfélagið með rekstri samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum.<br>- Rannís greinir og kynnir áhrif rannsókna, menntunar og menningar á þjóðarhag og þjónustar undirbúning vísinda- og tæknistefnu.<br>**Gildi**:<br>**Áhrif** - Rannís hefur áhrif til góðs í samfélaginu með því að styðja við rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu.<br>**Fagmennska -** Rannís byggir starfsemi sína á þekkingu og faglegri umsýslu.<br>**Samstarf -** Starfsfólk Rannís vinnur saman að því að tryggja viðskiptavinum Rannís bestu mögulegu þjónustu. Það kemur fram af virðingu, er jákvætt og lausnamiðað.<br>Rekstur Rannís fellur undir málaflokk 22 „Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála“, auk þess er vísað til fjögurra annarra málaflokka.<br><br>**Kjarnastarfsemi Rannís** er þríþætt, þ.e. rekstur samkeppnissjóða, alþjóðasamstarf og stuðningsverkefni.<br>**1.** Rekstur sjóða, um er að ræða 29 sjóði. Samkeppnissjóðir eru 26, tæki stjórnvalda til að ná fram markmiðum sínum, með því að auglýsa eftir umsóknum og meta hvaða umsóknir uppfylla best markmið sem sett hafa verið fram. Rannís hefur auk þess umsýslu með þremur verkefnum/sjóðum sem fela í sér réttindi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, ekki í samkeppni.<br>**2.** Alþjóðasamstarf. Ávinningur af þekkingaryfirfærslu, aðgengi að reynslu og mannauði, auk tengslamyndunar í alþjóðlegu samstarfi er afgerandi og styrkir samkeppnisstöðu landsins. Stærstu samstarfsáætlanir eru ESB áætlanir á sviði rannsókna (Horizon Europe), menntunar og æskulýðsstarfs (Erasmus+) og menningar- og miðlunar (Creative Europe), auk undiráætlana Norrænu ráðherranefndarinnar og Uppbyggingarsjóðs EES. |

**3.** Almennt kynningar- og greiningarstarf auk reksturs innlendra og erlendra verkefna í samræmi við stefnu stjórnvalda, s.s. miðlun upplýsinga um framlag vísinda, menntunar og menningar til samfélagsins.
Umfang reksturs sjóða nemur um 40% af heildarvinnustundum, umfang reksturs vegna alþjóðlegs samstarfs um 40% og þriðji málaflokkurinn, kynningar og greiningar, nemur um 20% af starfseminni. Stofnunin leitast við að fylgja stefnu stjórnvalda og leggur áherslu á samstarf stjórnvalda og hagsmunaaðila. Fyrir liggur Stefna Rannís til ársins 2025.
Lagt verður fram frumvarp til laga um Vísinda- og tækniráð í febrúar 2022. Frumvarpið gerir ráð fyrir að efla stefnu á sviði vísinda og nýsköpunar, auka stuðning við stefnumótun, efla samræmda stefnu þvert á ráðuneyti og t.d. skerpa framtíðarsýn og styrkja umræðu um vísindi og nýsköpun í samfélaginu.
Lagt verður fram frumvarp um Menntarannsóknasjóð, sem lögfestir sjóðinn, sem þegar er fyrir hendi.

## Markmið, mælikvarðar og aðgerðir

| Nr. | Markmið | HM | Mælikvarðar | Gögn til grundvallar | Staðan 2020 | Viðmið 2022 | Viðmið 2024 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **A1** | Rannís leitast við að tryggja að allir landsmenn njóti þjónustuframboðs sem stofnunin hefur uppá að bjóða.<br><br>(Framkvæmd markmiðsins breyttist með hliðsjón af Covid á árinu 2020 og 2021. Sett eru hliðstæð markmið og 2020 vegna 2022, en gert ráð fyrir öflugri fjarfundavirkni og /-streymi viðburða, líklega meira en kemur fram í meðfylgjandi töflu). | 4 5 8 9 17 | Staðbundnar kynningar og umfjöllun um lykilmálaflokka (rannsóknir, nýsköpun, alþjóðlegt samstarf, menntun og menningu). | Fjöldi opinna funda, staðsetning þeirra. | Opnir fundir: 40<br>Höfuðborg: 25<br>Landsbyggð: 15 | Opnir fundir: 40-50<br>Höfuðb: 25-30<br>Landsb: 15-20 | Opnir fundir: 40-50<br>Höfuðborg: 25-30<br>Landsbyggð: 15-20 |
| | | | Þing eða ráðstefnur þar sem áhersla er á mennta- og menningarmál, rannsóknir og nýsköpun auk alþjóðlegs samstarfs. | Fjöldi. | 4 -6<br>Öllum streymt | 4-6<br>Öllum streymt | 6<br>Öllum streymt |
| | | | Hlutfall umsókna frá aðilum utan höfuðborgarsvæðisins (m.v. SSH). | Upplýsingar úr umsóknakerfum Rannís og ESB, | Rsj: 6,5%<br>Tþsj: 14%<br>Horizon: 12%<br>Erasmus: 30% | Rsj: 8%<br>Tþsj: 14%<br>Horizon: 12%<br>Erasmus: 30% | Rsj: 9%<br>Tþsj: 15%<br>Horizon 12%<br>Erasmus 30% |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | % höfuðborg. | | | |
| **Tengist markmiði málaflokks** | | | | | | | |
| 7: fjármögnun rannsókna og nýsköpunar styðji við gæði, árangur og verðmætasköpun.<br>7: Ný störf skapist í þekkingargreinum<br>Stefna nýrrar ríkisstjórnar að styðja við fjölbreyttar og öflugar stoðir efnahagslífs og aukinni opinberri fjárfestingu í grænum verkefnum og rannsóknum, nýsköpun og skapandi greinum.<br>Stefna Rannís til 2025 varðandi samfélagsleg áhrif: Jákvæð samfélagsleg áhrif séu leiðarstef í starfsemi Rannís. Áhrif starfsemi Rannís á framþróun í atvinnulífi, menntamálum, listum og menningu séu mælanleg og efli þekkingu á þessum sviðum. | | | | | | | |
| **Nr.** | **Verkefni/aðgerðir** | | | | | **Upphaf** | **Endir** |
| **A1.1** | Stuðla að því að verkefni í umsýslu Rannís nái til allra landsmanna og styðji við velferð þeirra. | | | | | 2015 | 2023 |
| **A1.2** | Vinna að aukinni samhæfingu mennta-, rannsókna- og nýsköpunarmála. | | | | | 2019 | 2025 |
| **A1.3** | Reglulega settar fram upplýsingar um hlutfall umsókna af höfuðborgarsvæði vs. landsbyggð. | | | | | 2019 | 2023 |
| **Nr.** | **Markmið** | **HM** | **Mælikvarðar** | **Gögn til grundvallar** | **Staðan 2020** | **Viðmið 2022** | **Viðmið 2024** |
| **A2** | Öflug þátttaka íslenskra aðila í alþjóðlegu samstarfi og þekkingar-yfirfærsla á sviði rannsókna, menntunar og menningar. | 4 5<br>8<br>16<br>17 | Fjöldi samfjármagnaðra verkefna og áætlana. | Gögn Rannís frá sjóðum og ráðuneyti. | 5 ESB<br>5 Norræn | 8 ESB<br>7 Norræn | 12 ESB<br>8 Norræn |
| | | | Fjöldi aðila í vistaskiptum. | Gögn Rannís um Erasmus og Nordplus. | 8100 | 5000 | 8200 |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | Fjöldi íslenskra umsókna í Horizon Europe. | Gögn frá ESB. | 217 | 220 | 230 |
| | | | Útflutningur rannsókna og þróunarþjónustu. | Hagstofa Íslands (ma.kr.). | 36,0,0 | 40,0 | 40,0 |

**Tengist markmiði málaflokks**

7: Bætt samkeppnisstaða í alþjóðlegu samhengi. Aukin útflutningsverðmæti á grunni þekkingar og nýsköpunar.
21: Styrkja rannsóknastarf og umgjörð þess.
Stefna Rannís 2025 v alþjóðastarfs. Að Rannís taki virkan þátt í öflugu alþjóðlegu samstarfi. Stofnunin hvetji íslenskar stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga til þátttöku með því að koma sívaxandi tækifærum á framfæri og sýni fram á árangur alþjóðlegs samstarfs.

| Nr. | Verkefni/aðgerðir | Upphaf | Endir |
|---|---|---|---|
| **A2.1** | Þróa verklag við mat á tækifærum til þátttöku í áætlunum og verkefnum sem krefjast samfjármögnunar. | 2020 | 2025 |
| **A2.2** | Tryggja hámarksnýtingu á fjármagni til vistaskipta í Erasmus og Nordplus áætlununum. | Hafið | Viðvarandi |
| **A2.3** | Árangur Ísland í alþjóðastarfi verði sýnilegur með því að miðla upplýsingum og tölfræði á viðeigandi hátt:<br><br>Árleg útgáfa á skýrslunni Þátttaka Íslands í samstarfsáætlunum ESB og uppfærsla á rafrænu styrkjakorti með yfirliti og upplýsingum um styrki til Íslands úr áætlunum ESB: https://www.evropusamvinna.is/kort | Hafið | Viðvarandi |
| **A2.4** | Alþjóðlegt samstarf styrkist í rannsóknum og menntamálum og auki þekkingu og tengsl sem stuðla að bættri velferð. | 2021 | Viðvarandi |

| Nr. | Markmið | H M | Mælikvarðar | Gögn til grundvallar | Staðan 2020 | Viðmið 2022 | Viðmið 2024 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **A3** | Tækni og hugbúnaður verði nýttur í auknum mæli til þess að hraða úrvinnslu umsókna, umsýslu verkefna og gagnavinnslu. Unnið er að 35 stafrænum kerfum, en um er að ræða; umsóknarkerfi, fagráðskerfi, umsýslukerfi (samningar, skýrslur, greiðslur), úrvinnslu (úthlutunarsíða, tölfræði) og skjalavistun. | 16<br>17 | Hlutfall sjóða sem notar nýtt (endurskrifað) stafrænt umsóknar og fagráðskerfi. | Fjöldi „sjóða“ sem notar umsóknar og fagráðskerfi (Fagráð og já/nei svör). | 50% | 75% | 95% |
| | | | Hlutfall sjóða sem nota umsýslukerfi (samningar, skýrslur, greiðslukerfi). | Fjöldi sem hafa afnot af umsýslukerfi. | 5% | 30% | 80% |
| | | | Hlutfall sjóða sem nota úrvinnsluna, úthlutunarsíðu og tölfræði. | Fjöldi sjóða . | 5% | 70% | 95% |

| **Tengist markmiði málaflokks** |
|---|
| 5: Betri og skilvirkari þjónusta ríkisstofnana (Stafrænt Ísland)<br>Stefna Rannís 2025 v starfshættir. Rannís sé framúrskarandi stofnun og þekkt fyrir skilvirkni og gagnsæi í verklagi. Þjónustustig milli sviða stofnunarinnar sé samræmt og unnið samkvæmt þjónustustefnu til hagsbóta fyrir viðskiptavini. |

| Nr. | Verkefni/aðgerðir | | Upphaf | Endir |
|---|---|---|---|---|
| **A3.1** | Samræmdir árangursmælikvarðar fyrir alla sjóði. | | 2019/60% | 2022/100% |
| **A3.2** | Umsýslukerfi samræmt og uppfært. | | 2019/40% | 2022/90% |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **A3.3** | Aðgangur að upplýsingum og tölfræði um sjóði og alþjóðlegt samstarf. | 2019/20% | 2023/100% |

| **B** | **Rekstrarþættir** |
|---|---|
| | Starfsemi Rannís skiptist í tvö fagsvið; Rannsókna- og nýsköpunarsvið (R&N) og Mennta- og menningarsvið M&M) og tvö svið sem ganga þvert á starfsemina. Alþjóðasvið sameinaðist R&N 1. sept. 2020 og nýja sviðið endurspeglar rannsóknir og nýsköpun innanlands sem og áherslu á mikilvægi erlends samstarfs. Sviðin sem ganga þvert á starfið eru greiningar- og hugbúnaðarsvið (G&H) og rekstrarsvið. G&H varð til við skipulagsbreytingu pr. 1.09.2020 og endurspeglar aukna áherslu á notkun upplýsingatækni til að auka skilvirkni og gagnsæi í umsýslu sjóða og styrkir greiningarstarf stofnunarinnar. Rekstrarsvið Rannís leggur áherslu á almenna þætti s.s. bókhald, fjármál og mannauð, samskipti og kynningarmál, gagna- og gæðastýringu, húsnæðismál o. fl. Í byrjun nóv. 2021 eru starfsmenn Rannís 61 talsins, 31,5% karlar og 68,5% konur. Stöðugildi eru 57,5. Starfsfólki hefur fjölgað um 7 eða 6,8 stg. í heildina frá fyrra ári. Rannís tók  yfir rekstur Enterprise Europe Network (EEN) frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, um 3 stöðugildi. Aukið umfang á R&N og G&H kallar á 3,5 stöðugildi til viðbótar.<br><br>Ný stefna Rannís til 2025 var gefin út í júnímánuði 2019, eftir það hófst hópavinna við gerð aðgerðaráætlunar. Völdum verkefnum hefur verið forgangsraðað, en vinna við aðgerðaráætlunina mun standa fram til 2023.<br><br>Á undanförnum árum hefur verið byggt upp stafrænt umsókna- og umsýslukerfi fyrir sjóði í umsýslu Rannís. Kerfið er í stöðugri þróun enda hluti af stefnu stjórnvalda að auka rafræna stjórnsýslu. Stofnunin mun leggja mikla áherslu á þróun stafrænna lausna á næstu tveimur árum til að bæta þjónustuna og auka á hagræði.<br><br>Sértekjur eru rúmlega 62% af rekstrargjöldum.<br><br>Starfsemi Rannís fer fram í Borgartúni 30, Reykjavík og að Borgum, Akureyri, þar sem Norðurskautsvísindanefndin (IASC) hefur starfsaðstöðu. |
| | **Markmið, mælikvarðar og aðgerðir** |

| **Nr.** | **Markmið** | **Mælikvarðar** | **Gögn til grundvallar** | **Staðan 2020** | **Viðmið 2022** | **Viðmið 2024** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **B1** | Vinna að útfærslu stefnu Rannís til 2025 með eftirfylgni. | Sex vinnuhópar eru að störfum. | Þátttaka í vinnusmiðju. Fjöldi vinnuhópsfunda. | Vinnuhópar að störfum. | Unnið að innleiðingu á niðurstöðum, | 95% hópavinnu lokið. Unnið að |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | frá vinnuhópum. | endurskoðun á stefnu Rannís. |
| | | Yfirlit um forgang og stöðu einstakra aðgerða í stefnu Rannís til 2025. | Vinnuhópar gera með reglubundnum hætti grein fyrir stöðu markmiða og aðgerða. | Komnar fram tillögur t.d. í umhverfis og loftlags-málum, gerð könnun um fjarvinnu og starfsánægju, drög að þjónustukön nun. | 20 af 30 aðgerðaáætl-unum liggja fyrir. | 30 aðgerða-áætlanir liggja fyrir. Endurmat á stefnu og aðgerðaráætl-unum hefst. |
| | | | | | | |
| **Nr.** | **Verkefni/aðgerðir** | | | | **Upphaf** | **Endir** |
| **B1.1** | Vinnuhópar að störfum. | | | | 2019 | 2024 |
| **B1.2** | Sett upp yfirlit um allar aðgerðir í stefnu Rannís til 2025, yfirlitið sýni framgang og stöðu aðgerða á hverjum tíma. | | | | 2019 | 2025 |
| **B1.3** | | | | | | |
| **Nr.** | **Markmið** | **Mælikvarðar** | **Gögn til grundvallar** | **Staðan 2020** | **Viðmið 2022** | **Viðmið 2024** |
| | Bæta innri rekstur Rannís. | Unnið að innleiðingu á Orra, sem bókhalds og umsýslukerfis. | Allt bókhald og áætlanagerð komin í | Orri tekinn í notkun, | Starfsmenn hafi náð | Kerfið komið í fulla notkun. |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **B2** | | | varanlegt kerfi sem styður við rafræna kerfisþróun. | innleiðing samhliða notkun. | fullum tökum á notkun kerfanna. | |
| | | Ferðakerfi Orrans | Ferðakerfið | Innleiðingu frestað vegna Covid til sept. 2021 | Starfsfólk kunni á og noti ferðakerfið. | Ferðakerfi í fullri notkun. |
| | | | IEspense (OIE) | Endurgreiðslukerfi OIE skoðað og metið. | IExpence (OIE) komið í notkun meðal starfsmanna. | OIE í fullri notkun. |
| | | Innleiðing MS Office 365 (O365) | O365 uppsett, kennsla hafin og starfsfólk farið að nota kerfið. | Loka uppsetning O365, formleg innleiðing, námskeið fyrir starfs-fólk og farið að vinna í kerfinu. | Rafrænar lausnir Orrans og Teams í O365 teknar í notkun í auknum mæli sbr. straum-línustjórnun. | O365 í fullri notkun, öll gögn komin af drifun á varanlegri vistunarstaði í O365 og GoPro. |
| | | Innleiðing á Straumlínustjórnun, Lean Management. | Fjöldi Lean hópa sem hittast reglulega | Vinnuhópur myndaður.<br>Vinnusmiðjur fyrir hópa um | Öll teymi innan Rannís nota Lean aðferðarfræði við vinnu sína, | Stofnunin hafi náð að skipuleggja sig með þeim hætti að framleiðni |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | notkun straumlínu-stjórnun ásamt eftir-fylgni. | til hagræðingar. | hafi aukist um a.m.k. 10% (36/40) |
| | | Starfsþróunarstefna endurútgefin og uppfærð. | Núgildandi starfsþróunarstefna, niðurstöður úr vinnuhópi og viðhorf starfsmanna til starfsþróunar (starfsmannasamtöl). | Starfsþróuna rstefna frá árinu 2016 til staðar. Starfsmanna-samtölum lokið. Vinnuhópur skipaður. | Uppfærð starfsþróunars tefna liggi fyrir í árslok 2022 og verði endurútgefin. | Unnið samkvæmt starfsþróunar-stefnu. |
| **Nr.** | **Verkefni/aðgerðir** | | | | **Upphaf** | **Endir** |
| **B2.1** | Efla innri upplýsingakerfi Rannís. Innleiðing upplýsingakerfa (Orri bókhaldskerfi, Office 365). | | | | 2019 | 2022 |
| **B2.2** | Aukinn sveigjanleiki í starfi efli starfsánægju. | | | | 2019 | 2022 |
| **B2.3** | Starfsþróunarstefna Rannís uppfærð út frá breytingum í umhverfi. | | | | 2019 | 2022 |
| **Nr.** | **Markmið** | **Mælikvarðar** | **Gögn til grundvallar** | **Staðan 2020** | **Viðmið 2022** | **Viðmið 2024** |
| **B3** | Efla ímynd Rannís með auknu kynningarstarfi og miðlun. | Ímyndarstefna verði til. | Vefstefna Rannís. | Stefnumótun arhópur um | Ímyndarstefna Rannís liggi fyrir í árslok. | Unnið samkvæmt stefnu og hún |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | Skýrsla Fjölmiðlavaktar.<br><br>Þjónustukönnun.<br><br>Kynningarmynd-bönd, fjöldi og áhorf. Streymi viðburða fjöldi<br><br>Ímyndarstefna | ímynd Rannís hefur störf. | | endurskoðuð ef þörf krefur. |
| | | Kynningarteymi komið á fót er starfi þvert á svið. | Hugmyndavinna kynningarhóps. | Kynningar-teymi með kynningar-stjórum sviða, vefstjóra og samskiptastj óra hittast reglulega. | Kynningar-teymi að störfum ásamt fulltrúum sviða. | Kynningarstarf Rannís unnið af kynningarteymi í samræmi við ímyndarstefnu. |
| | | Fjölmiðlaumfjöllun um starfsemi Rannís, kynningar og miðlun starfsmanna Rannís. | Fréttum deilt á viðeigandi miðlum og samfélagsmiðlum, Fjölmiðlavaktin. | Fjallað um Rannís í rúmlega 900 fréttum/grei num sem var töluvert umfram áætlun (825). | Sambærilegt við 2020 | Aukin umfjöllun í fjölmiðlum og samfélags-miðlum vegna fjölgunar verkefna |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | Vísað var í Rannís á fb 99.850 skipti | | |
| | | Viðbragðsáætlun Rannís | | | Vinna hefst við gerð viðbragðsáætlunar | Unnið skv. Viðbragðsáætlun |
| | | UN heimsmarkmiðin | Tengingar á vef Rannís. | | Vinnuhópur markar verklag um tengingar við heimsmark-miðin. | Heimsmark-miðin innbyggður hluti af starfi Rannís. |

| Nr. | Verkefni/aðgerðir | Upphaf | Endir |
|---|---|---|---|
| **B3.1** | Ímyndarstefnu Rannís fylgt eftir. | 2020 | 2024 |
| **B3.2** | Starfsmenn verði hvattir til að deila helstu fréttum um Rannís á viðeigandi miðlum. | 2020 | 2024 |
| **B3.3** | Stöðugt verði leitað leiða til að koma upplýsingum á framfæri um starfsemi Rannís. | 2020 | |
| | Heimsmarkmið UN tengd við starf Rannís og sjóða. | 2022 | 2024 |